

IV. Tillaga til 410. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 14. desember 2017

Tillögur að sérreglum fyrir Ísafjarðarbæ varðandi úthlutun byggðakvóta í Ísafjarðarbæ.

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðar, Hnífsdals, Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði a-liðar 1. gr. breytist og verður: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.
- b) Ákvæði c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 1. júlí 2017.
- c) Ákvæði 1. málsl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess afla-marks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal fyrst úthluta bátum með frístundaleyfi sbr. a-lið, 1 þorskígildistonni á bát, 40% af því sem eftir stendur skal skipt jafnt milli annarra skipa, þó ekki meira, í þorskígildum talið, en viðkomandi bátur landaði á fiskveiðiárinu 2016/2017, afganginum skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað var innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélaginu af bátum sem ekki eru skráðir innan sveitarfélagsins, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

- d) Aftan við 1. málsl. Ákvæði 1. málslíðar 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður þannig: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018, Ísafjarðarbær getur þó heimilað að aflanum sé landað innan sveitarfélags með áritun á umsókn viðkomandi um byggðakvótabætist eftirfarandi málslíður: Ef engin vinnsla í hlutaðeigandi byggðalagi hefur skilað til Ísafjarðarbæjar skuldbindandi yfirlýsingu um að vinnslan muni taka við öllum afla sem landað er í byggðalaginu og tilkominn er vegna byggðakvóta 2017/2018 er skipum í byggðalaginu heimilt að landa aflanum til vinnslu annars staðar í sveitarfélaginu.
- e) ~~Ákvæði 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, breytist þannig að „sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. bætist aftan við málsgreinina. 3. mgr. 6. gr. verður svohljóðandi: Ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr. hefur endurnýjað fiskiskip sitt eftir að lokið er því viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. en áður en uppfyllt hafa verið skilyrði samkvæmt þessari grein og eftirstöðvar á rétti til úthlutunar skv. 4. mgr. 4. gr. verið flutt af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið, sbr. 3. mgr. 4. gr., skal við mat á hvort uppfyllt eru skilyrði samkvæmt þessari grein einnig heimilt að miða við landaðan afla beggja skipanna í viðkomandi byggðalagi, sbr. þó 2. málsl. 1. mgr. 6. gr.~~